

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 21. september 2020
UST202003-097/S.M.
08.14.02

Reglubundið eftirlit á urðunarstaðinn í Lóni


Þann 5. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Sveitarfélagsins Hornafjarðar í Lóni. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.


Ein ábending var gerð í eftirlitinu og tvö frávík komu fram er varða:

1. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Við skil á skráningum vantaði upplýsingar um tl. 2-6 er varða úrgangi hafnað, stöðuna á urðunarstaðnum, sigmælingar, mengunaróhöpp og rekstur hreinsimannvirkja.
2. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hver fyrir undangengið almanaksár. Rekstraraðili skilaði skráningum 15. maí sl. og telst frávikinu því lokið.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á fyrra frávikinu hér að ofan í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 12. október 2020.

Virðingarfyllst


Sigríður Magnúsdóttir


Gottskálk Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sveitarfélagið Hornafjörður Mel í landi Fjarðar (Lóni)



Dags eftirlits	5.6.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Sveitarfélagið Hornafjörður	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hafnarbraut 27	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590169-4639	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Anna Ragnarsdóttir Pedersen	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Jóhann Sigurðsson	Staðsetning	692965,529 428910,162

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram tvö frávik er varða skil á skráningum, ein ábending var gerð er varðar verklag við urðun lífræns úrgangs. Staðfestar voru úrbætur vegna fjögurra frávika er varða magn úrgangs, söfnun vatns í eldri gryfjum, endanlegan frágang urðunarreina og grunnvatnsbrunn. Unnið er að úrbótum vegna fráviks er varðar söfnun hauggass.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit á urðunarstað Sorpstöðvar Hornafjarðar í Lóni og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Umhverfi og takmörkun aðgangs (gr. 2.1)
3. Verkstjórn (gr. 2.7)
4. Varnir gegn foki úrgangsefna og frágangur urðunarreina (gr. 3.1, 4.3 og 4.5)
5. Verndun jarðvegs og grunn- og yfirborðsvatns (gr. 3.2)
6. Skráningar og mælingar (gr. 4.1, 4.2 og 4.4)
7. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
8. Kynning á verklagsreglum vegna sóttmengaðra dýrahæja
9. Skoðunarferð um urðunarstaðinn

Rætt var um umfang starfseminnar en urðunarstaðurinn tekur við úrgangi úr Sveitarfélaginu Hornafirði og er heimilt að urða þar allt að 3000 tonn af úrgangi á ári. Árið 2019 voru urðuð 2566 tonn. Magn úrgangs til urðunar hefur því dregist saman frá árinu 2018 þegar urðað var umfram heimildir í starfsleyfi. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hefur dregið talsvert úr urðun lífræns úrgangs þar sem hann fer nú að miklu leyti í jarðgerð.

Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er urðun á hendi verktaka. Urðunarstaðurinn er afgirtur og hlið læst þegar ekki er verið að vinna á svæðinu. Tekið er mið af vindafari við móttöku úrgangs en á urðunarstaðnum er mjög vindasamt. Farið var yfir verklag við urðun. Almenn er úrgangur lagður þekjulagi við urðun og er efni til þess sótt í gryfju á urðunarstaðnum. Við eftirlit var ein gryfja í notkun fyrir lífrænan úrgang, lífræna gryfjan er ekki hulin þekjulagi við urðun heldur er yfir henni grind með nótum til varnar ágangi fugla og meindýra. Fram kom að verklag við urðun lífræns úrgangs væri á þá leið að þegar gryfjan væri full væri þekjulag sett yfir hana og bætt smám saman í eftir því sem niðurbrot verður í gryfjunni. Rekstraraðila er bent á skoða hvort þetta verklag auki líkur á að vatn safnist í úrganginn og sé því ekki í samræmi við ákvæðu starfsleyfis um verndun grunn- og yfirborðsvatns.

Varðandi skil á skráningum, sbr. gr. 5.1 í starfsleyfi, þá hefur rekstraraðili skilað inn skráningum um tl. 1, 7 og 9-13 í gr. 5.1. Ekki bást upplýsingar um tl. 2-6 er varða úrgang sem er hafnað, stöðuna á urðunarstaðnum, sigmælingar, mengunaróhöpp og rekstur hreinsimannvirkja. Rekstraraðila er bent á að skrá í ársskýrslu upplýsingar um mengunaróhöpp og úrgang sem er hafnað þrátt fyrir að slíkt hafi ekki orðið á árinu. Rekstraraðili vinnur eftir úrbótaáætlun vegna söfnunar og mælinga á hauggasi.

Kynnt var áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu starfsemi undir eftirliti stofnunarinnar. Áhættumatið var fyrst unnið árið 2019 og tíðni eftirlits ársins 2020 ákvarðað út frá því. Urðunarstaður Sorpstöðvar Hornafjarðar féll í eftirlitsflokk B og fær því eitt eftirlit árið 2020. Áhættumat er endurskoðað árlega.

Kynnt var reglugerð (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir dýra og afleiddar afurðir ekki ætlaðar til manndis. Í því samhengi voru einnig kynnt drög að verklagsreglum sem Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafa unnið vegna reglugerðarinnar.

Farið var í skoðunarferð á urðunarstaðinn. Sigvatn ofan og neðan hreinsivirkis sem og lækur neðan urðunarstaðarins

sem telst vera viðtaki voru rauðbrún að lit við eftirlit. Ekki var ljóst hvort um væri að ræða náttúrulegan lit vegna bergrunns svæðisins eða hvort mengun er að berast frá urðunarstaðnum, niðurstöður mælinga á sigvatni og grunnvatni gefa ekki til kynna hækkuð gildi í efnasamsetningu vatnsins. Rætt var um að fylgjast vel með sigvatninu og reyna að komast að því hvað veldur, Umhverfisstofnun mun fylgja málinu eftir í næsta eftirliti.

Við eftirlit 2019 komu fram sjö frávik og var úrbótaáætlun rekstraraðila vegna þessa samþykkt 30. janúar sl. Við eftirlit nú voru staðfestar úrbætur er varða magn úrgangs til urðunar, söfnun vatns í eldri gryfjum, endanlegan frágang urðunarreina og grunnvatnsbrunn. Unnið er að úrbótum vegna söfnunar hauggass. Rekstraraðili skilaði inn skráningum og grænu bókhaldi eftir 1. maí.

Frávik frá

Lýsing á frávik

gr. 5.1 í starfsleyfi

Við skil á skráningum vantaði upplýsingar um tl. 2-6 er varða úrgangi hafnað, stöðuna á urðunarstaðnum, sigmælingar, mengunaróhöpp og rekstur hreinsimannvirkja.

gr. 5.4 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Rekstraraðili skilaði skráningum þann 15. maí sl. og telst því frávikinu lokið.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að kanna hvort verklag við urðun lífræns úrgangs auki líkur á vatn safnist í úrganginn og hafi því áhrif á verndun grunn- og yfirborðsvatns.

ANNAÐ

Einnig var viðstödd eftirlitið fyrir hönd rekstraraðila Brynja Dögg Ingólfssdóttir.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 21.09.2020

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir